



Háskólinn á Hólum **Ársskýrsla 2018**



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	4
Stoðþjónusta	5
Fjármála- og þjónustusvið	5
Tölvu- og tæknimál	5
Bókasafn	5
Kynningarmál	6
Deildir	7
Ferðamáladeild	7
Nám og kennsla	7
Mannauður og stjórnun	7
Rannsóknir	8
Þjónusta og samstarf	9
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	12
Innra starf deildar	12
Nám og kennsla	12
Rannsóknir	13
Þjónusta og samstarf	14
Hestafræðideild	16
Nám og kennsla	16
Rannsóknir	17
Önnur verkefni	18
Kennslu- og framhaldsnámssvið	19
Rannsóknasvið	22
Starfsemi	22
Rannsóknavirkni	23
Viðauki I. Birtingar	25
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	36

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu hans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburðastjórnunar, stjórnunar ferðaþjónustu og móttöku gesta, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða, með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Starf háskólans var öflugt á árinu. Auk hefðbundins skólastarfs stóð starfsfólk fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnuhaldi að Hólum og í Verinu Vísindagörðum á Sauðárkróki. Í tilefni af 100 ára fullveldi Íslands, og með stuðningi frá Fullveldissjóði, stóð háskólinn fyrir ráðstefnu í apríl sem bar yfirskriftina: „*Áhrif skólalahalds á Hólum í Hjaltadal á samfélagsþróun: Frá fullveldi til framtíðar*“. Ráðstefnan var skipulögð í samstarfi við Sveitarfélagið Skagafjörð og tókst með ágætum. Háskólinn var jafnframt virkur þátttakandi í Erasmus verkefnum á árinu og starfsmenn háskólans fóru víða til að miðla þekkingu sinni og rannsóknum, m.a. til Ástralíu, Nígeríu, Noregs og Kanada. Líkt og endra nær sóttu fjölmargir samstarfsaðilar og hópar fræðimanna háskólann heim á árinu. Var einkar ánægjulegt að taka á móti ráðgjafanefnd gæðaráðs háskóla, stjórn Rannsóknamiðstöðvar Ferðamála og starfsmönnum hennar, sem og embættis og ráðamönnum, auk fjölmargra annarra. Á sama hátt tók starfsfólk háskólans þátt í atvinnuþróunardögum í héraði, Vísindavöku í Reykjavík, Landsmóti hestamanna, Strandbúnaðarráðstefnu, Arctic Circle, fagráðstefnum og fundum erlendis, svo stiklað sé á stóru.

Á Hólum er góð aðstaða til móttöku námshópa og ráðstefnuhalds og nú sem endranær komu íslenskir sem erlendir hópar háskólastúdenta til námsdvalar að Hólum. Háskólinn á Hólum er stoltur þátttakandi í fræðastarfi íslenskra háskóla og leggur sig fram um að auka auð íslensk samfélags með kennslu og rannsóknum á fræðasviðum sem öll tengjast náttúru Íslands og menningu til sjávar og sveita.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Í háskólaráði sátu, auk rektors, Katrín Sigurðardóttir (Óttar Guðjónsson varamaður), tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Sveinn Ragnarsson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Mette Camilla Moe Mannseth og Laufey Haraldsdóttir, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Jónína Lilja Pálmadóttir (Fríða Hansen, varamaður) fulltrúi nemenda og Jón Eðvald Friðriksson og Sævar Skaptason (Sigurbjörn Bárðarson, varamaður), valdir til setu af fyrrgreindu fimm manna háskólaráði, samanber lög um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalífræðideildar, Guðmundur Björn Eypórsson fjármála- og skrifstofustjóri, Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri Ferðamáladeildar og Sveinn Ragnarsson deildarstjóri Hestafræðideildar.




Frá ráðstefnunni „Áhrif skólahalds á Hólum í Hjaltadal á samfélagsþróun:

Frá fullveldi til framtíðar“

Fjöldi starfsmanna

Árið 2018 unnu 59 starfsmenn við Háskólann á Hólum, í 45,8 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist að hluta til af starfsmannaveltu, ráðningu sumarstarfsmanna og framhaldsnema á launaskrá. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 49, í 42,5 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor í Ferðamáladeild, Sigurður Heiðar Birgisson, reiðkennari Hestafræðideild og Trausti Þór Freysteinnsson, aðstoðarmaður á skólabúi. Einnig skipti Guðmundur Kristinn Guðmundsson um starfsstöð og tók við starfi í móttöku skólans í veikindaforföllum starfsmanns þess. Á árinu létu af störfum, þau Amy Sävenner, lektor í Ferðamáladeild, Pétur Örn Sveinsson reiðkennari og Þórir Ísólfsen, reiðkennari. Er þeim þökkun vel unnin störf í þágu skólans.



Samantekt í myndum frá ráðstefnunni „Áhrif skólahalds á Hólum í Hjaltadal á samfélagsþróun: Frá fullveldi til framtíðar“

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs og hefur hann yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum og annarri þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru tíu á árinu, í 7,5 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árabíl hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi, sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands (nú Upplýsingatæknisviði HÍ) og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Notkun fjarfundabúnaðar (Polycom HDX-7000) og zoom, til þátttöku á fundum sem og til kennslu var almenn á árinu.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010 og voru starfsmenn safnsins með viðveru á Hólum í tengslum við staðbundnar lotur. Einnig veitti starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, sem fram fór í Reykjavík og sjö bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Eins og áður, taka nemendur Háskólans á Hólum virkan þátt í kynningarstarfi skólans. Jafnframt er öflugt kynningarstarf í héraðsblöðum, á netmiðlum og heimasíðu skólans. Í lok árs 2018 voru útbúin kynningarmyndbönd fyrir háskólann og deildir hans, þar sem starfsmenn og nemendur voru teknir tali. Efnið verður nýtt í kynningarstarfi á árinu 2019.



Atvinnulífssýning í Skagafirði

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Ferðamáladeild býður upp á fimm námsleiðir: Diplóma í ferðamálafræði (FDP), diplóma í viðburðastjórnun (FDV), BA í ferðamálafræði (FBA), BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (FSG) og MA í ferðamálafræði (FMA). Innritaðir nýnemar haustið 2018 voru 57: sex í diplóma í ferðamálafræði, 20 í diplóma í viðburðarstjórnun, 20 í BA nám í ferðamálafræði, 7 í BA nám í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta og 4 í meistaranám í ferðamálafræði. Þann 15. október voru innritaðir nemendur deildinni sem hér segir:

Í diplómunámi í viðburðastjórnun (FDV):	30
Í diplómunámi í ferðamálafræði (FDP):	8
Í BA-námi í ferðamálafræði (FBA):	42
Í BA-námi í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (FSG)	18
Í MA-námi í ferðamálafræði (FMA) :	6

Útskrifaðir voru alls 35 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust 29 nemendur frá deildinni: 11 með diplómu í viðburðastjórnun, 17 með BA gráðu í ferðamálafræði og einn með MA gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust sex nemendur frá deildinni: fjórir með diplómu í viðburðastjórnun og tveir með diplómagráðu í ferðamálafræði.

Mannauður og stjórnun

Í upphafi árs 2018 barst deildinni liðsauki þar sem fullfjármögnuð prófessorsstaða fluttist frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri til Háskólans á Hólum fyrir milligöngu Menntamálaráðuneytis. Það voru því tveir prófessorar starfandi við deildina, annar í 20% stöðu og hinn í 100% stöðu. Fjórir lektorar gegna 100% starfi og þar af einn sem fékk framgang í lektorstöðu á árinu skv. reglum HH um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna. Einn lektor í 100% stöðu gegnir sameiginlegri stöðu Háskólans á Hólum og Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Að auki gegnir einn lektor 80% stöðu við deildina. Ráðið var tímabundið í 100% akademíska stöðu í eitt ár, tengt nýrri námsbraut í Stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (FSG). Einn lektor í fullu starfi lét af störfum í maí og tókst ekki að ráða í hans stað þrátt

fyrir að starfið væri auglýst bæði innanlands og alþjóðlega. Ákveðið var að bíða með að auglýsa aftur þar til á vormánuðum 2019 vegna óhagstæðrar fjárhagsstöðu háskólans á seinni hluta árs.

Níu sérfræðingar voru ráðnir til stundakennslu við deildina, allir sem verktakar í einstökum námskeiðum. Ástæðan fyrir fjölgun stundakennara frá fyrra ári er fyrst og fremst ný námsleið (FSG) við deildina, en einnig brotthvarf lektors í 100% stöðu um mitt ár. Fjórir starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við Ferðamáladeild á árinu 2018 og þrír starfsmenn Ferðamáladeildar komu að kennslu í öðrum deildum skólans.

Einungis tveir af fastráðnu starfsfólki deildarinnar býr í Skagafirði, búseta annarra starfsmanna er eftirfarnadi: einn býr á Hvammstanga, tveir í Reykjavík, tveir á Suðurlandi og einn erlendis.



Nemendur í vettvangsferð í námskeiðinu Náttúra Íslands

Rannsóknir

Lokið var við endurskoðun á rannsóknarstefnu deildarinnar frá 2014 og unnið að viðaukum við rannsóknastefnu, m.a. um rannsóknaráherslur, ráðningastefnu og persónugreinanleg rannsóknargögn.

Rannsóknaverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: Viðburðarstjórnun, hestaferðapjónusta, hlutverk leiðsögumanna, vinnuafli í ferðapjónustu, ferðapjónusta tengd náttúru, ábyrgð og samfélagsþróun. og stjórnun á áfangastöðum ferðamanna (m.a. í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir og selaskoðunarstaði o.fl.). Á árinu birtu starfsmenn

deildarinnar fimm ritrýndar greinar í tímaritum og eina í ráðstefnuriti, auk þess sem birtar voru tvær rannsóknarskýrslur. Starfsfólk deildarinnar flutti sextán fyrirlestra á alþjóðlegum vísindaráðstefnum innanlands og utan, sem og fjórtán fyrirlestra á innlendum málþingum og fundum faghópa (tafla 2). Ennfremur, skipulagði Jessica Aquino „Tourism Research Labratorium“ (TRL) sem er vettvangur kennara deildarinnar til að kynna rannsóknir sínar fyrir hvert öðru og ræða rannsóknartengd efni.

Formlegt rannsóknasamstarf er við Griffith háskólann í Brisbane í Ástralíu, Háskólann í Suð-austur Noregi. Meðal annars héldu Anna Vilborg Einarsdóttir og Jessica Aquino fyrirlestra sem gestakennarar við Háskólann í Suðaustur Noregi (USN).

Þjónusta og samstarf

Deildarstjórastöðu gegndi Laufey Haraldsdóttir lektor. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Anna Vilborg Einarsdóttir lektor. Fulltrúi deildar í rannsóknarnefnd var Amy Sävenér lektor, fyrri hluta árs og Laufey Haraldsdóttir seinni hluta árs. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri og Þórir Erlingsson aðjúkt. Laufey Haraldsdóttir og Þórir Erlingsson sátu í stjórn Ferðaðjónustunnar á Hólum. Kjartan Bollason skipulagði fyrirlestraröðina Vísindi og graut starfsárið 2017-2018.

Fulltrúar nemenda á fundum deildarinnar voru Bergrós Guðbjartsdóttir, FSG 2. ár og Rebekka Hrafninn Níelsdóttir, FDV. Fulltrúar nemenda í námsnefnd voru Erla Kristín Sverrisdóttir, FSG, 1. ár og Sigríður Rósa Bjarnadóttir, FDV. Deildarfundir voru 5 á árinu og vinnufundir kennara voru 4, auk jólafundar í desember þar sem farin var ferð um utanverðan Tröllaskaga og ferðaðjónustustaðir heimsóttir.

Ferðamáladeild, Rannsóknarmiðstöð ferðamála og Landsmót ehf gerðu með sér samstarfssamning um rannsóknir tengdar Landsmóti 2018 í Víðidal í Reykjavík. Rannsóknirnar eru framhald af alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem Ferðamáladeildin stóð fyrir á Landsmóti á Hólum 2016, þá einnig í samstarfi við Landsmót ehf.

Ferðamáladeild og Íslenski ferðaklasinn undirrituðu á árinu samning um aðild deildarinnar að klasanum. Íslenski ferðaklasinn er samstarf fyrirtækja og stofnana sem tengjast ferðaðjónustu og er markmið hans langtímauppbygging greinarinnar með auknu samstarfi og nýsköpun innan ferðaðjónustu. Jafnframt gerðu Ferðamáladeild og Rannsóknarmiðstöð ferðamála samning við Markaðsstofu Norðurlands um rannsóknarverkefni um áfangastaðinn

Norðurland. Þá gerði deildin samning við Íslandsstofu um rannsóknir fyrir markaðsverkefnið Horses of Iceland.

Samstarf var um alþjóðlegan sumarskóla í Rovaniemi í Laplandi í Finnlandi í ágúst. Háskólinn í Laplandi stjórnaði þeirri vinnu í samstarfi við Ferðamáladeild HH og Námsbraut í ferðamálafræði við HÍ. Laufey Haraldsdóttir fór utan til kennslu, ásamt tveimur kennurum frá HÍ.

Fullbright samstarf. Brumby Mcleod, dósent við College of Charleston, School of Business í Ferðamáladeild Háskólans í Suður Karólínu í Bandaríkjunum var Fullbright sérfræðingur við Ferðamáladeildina haustið 2018. Sérvið Macleod er tekjustýring gistingar í ferðaþjónustu (e. overnight accomodation and revenue management) og markmið hans með Íslandsdvölinni var að skoða umsvif AirBnB gistingar hérlandis ásamt Þóri Erlingssyni aðjúnkt í Ferðamáladeild.


Deildin vann að þarfagreiningu vegna fagháskólanáms í ferðamálafræði, með styrk frá Menntamálaráðuneyti, og í samstarfi við Námsbraut í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Í verkefninu var meðal annars framkvæmd spurningakönnun meðal útskrifaðra nemenda beggja deilda síðustu sex ár. Þá var einnig unnið að hæfnigreiningu starfa í ferðaþjónustu, í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Markmiðið með hvorutveggja var að greina hvernig námið nýttist útskrifuðum nemendum skólanna og hvers konar hæfni þarf í mismunandi (valin) störf innan ferðaþjónustu á Íslandi. Tilgangurinn með greiningunum, auk þess að leggja fram tillögu að námi á fagháskólastigi að ósk ráðuneytis, var að gera nám við deildina markvissara og laga það enn frekar að þörfum nemenda og atvinnulífs.

Starfsmenn deildarinnar sátu í ýmsum stjórnnum tengt ferðamálum á árinu. Guðrún Helgadóttir sat í ritstjórn Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism. Ingibjörg Sigurðardóttir sat í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna Landsýn 2019 fyrir hönd háskólans. Landsýn er samstarfsvettvangur Háskólans á Hólum, Hafrannsóknarstofnunar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslunnar, Matís, Matvælastofnunar og Skógræktar ríkisins. Laufey Haraldsdóttir sat áfram í Stjórn Rannsóknarmiðstöðar ferðamála, Minjaráði Norðurlands vestra, stjórn Fornverkaskólans sem staðsettur er í Skagafirði og í dómnefnd um lokaverkefnsverðlaun SAF og RMF 2018. Þá var Ingibjörg Sigurðardóttir kosin sem fulltrúi háskólasamfélagsins til sestu í háskólaráð Háskólans á Hólum í september 2018.

Ferðamáladeild verður gestgjafi ráðstefnunnar um Íslenska þjóðfélagið 2019. Um er að ræða ráðstefnu sem haldin er annað hvert ár og Háskólinn á Hólum, Háskólinn á Akureyri,

Háskólinn á Bifröst, Þekkingarsetur Háskóla Íslands á Höfn og Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði skiptast á að sjá um. Í undirbúningsnefnd sátu Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri, Anna Vilborg Einarsdóttir lektor, Anna Guðrún Þórhallsdóttir prófessor og Guðrún Helgadóttir prófessor.

Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í stefnumótunarvinnu um ferðapjónustu á Íslandi, m.a. með Samtökum ferðapjónustunnar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að marka stefnu um formlegt nám í ferðapjónustu í samvinnu atvinnulífs og skóla.



Ferðamenn í íslenskri náttúru

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Innra starf deildar

Árið var mjög gott ár í starfi Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Deildin er greinilegur valkostur fjölmargra nemenda sem skrá sig í nám eða koma sem skiptinemar. Þessir nemendur, og starfsfólk deildarinnar, koma frá fjölmörgum löndum og móta alþjóðlegt yfirbragð deildarinnar. Fjölbjóðleikinn endurspeglast í fjölmörgum viðburðum þar sem m.a. menning og matarhefðir ólíkra landa hafa fengið að njóta sín.

Á árinu var gengið frá viðaukum við rannsóknarstefnu deildarinnar (samþykkt vorið 2017). Viðaukarnir snúa að því að auka gæði rannsókna við deildina. Í framhaldi af því var sérstaklega unnið að því að gera verkefnisstjórn rannsóknarverkefna skýrari. Auk þess hefur verið lögð aukin áhersla innan Háskólans á Hólum á velferð tilraunadýra og hefur deildin tekið virkan þátt í því. David Benhaim er nú formaður dýravelferðarnefndar Háskólans á Hólum og á haustdögum sóttu þrír starfsmenn deildarinnar námskeið um meðferð tilraunadýra.

Annar þáttur í því að efla gæði við deildina var innleiðing skólans á markmiðatengdri starfsmannastjórnun. Þar setja starfsmenn sér markmið um hvaða árangri þeir búast við að ná í sínu starfi. Þessi markmið eru rædd við deildarstjóra og eftirfylgni skipulögð.

Á árinu störfuðu tveir Fulbright styrkþegar við deildina. Jennifer Boughman frá Michican State háskólanum í Bandaríkjunum kom í febrúar. Hún vinnur að rannsóknum á þróun hornsíla, þar sem sérstaklega er skoðuð þróun skynfæra þeirra í tengslum við jökulvatn, sem einkennist af litlu rýni. Christina Anaya doktorsnemi frá Oklahoma State háskólanum í Bandaríkjunum, sem kom í september 2017, dvaldi nær allt árið við deildina. Hún vinnur að rannsóknum á fjölbreytileika snýkjudyra í samstarfi við Bjarna K. Kristjánsson.

Nám og kennsla

Á árinu stunduðu 56 nemendur nám við deildina. Alls útskrifuðust fimm einstaklingar úr diplómanámi í fiskeldisfræði, auk þess varði Doriane Combot meistaraverkefni sitt haustið 2018, en hún mun formlega útskrifast í júní 2019. Á árinu innrituðust 11 einstaklingar í diplómanám í fiskeldi, sem er nokkuð yfir meðalfjölda nemenda sem hefur verið u.þ.b. sex á ári frá upphafi, árið 1986. Tveir nemendur innrituðust í meistaranám í sjávar og vatnalíffræði og voru á árinu sjö nemendur skráðir í það nám. Til við bótar við meistaranámið unnu 10 nemendur að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Þeir eru allir skráðir

við aðra háskóla. Enn sem fyrr sóttu fjölmargir nemendur í það að koma sem skipti- og verknámsnemendur til deildarinnar og voru þeir allst 11 á árinu. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um langt árabil unnið í góðu samstarfi við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á árinu unnu fimm nemendur frá skólanum að rannsóknarverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Starfsmenn deildarinnar koma að kennslu við báðar hinar deildir skólans, kenna þar í fjórum námskeiðum, sem og fimm námskeiðum við aðra opinbera háskóla. Hlutfall erlendra nemenda við deildina er hátt, um 51%, og komu nemendur sem stunduðu nám við deildina á árinu 2017 frá 11 þjóðlöndum.




Að lokinni meistarávörðun í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Rannsóknir

Enn sem fyrr var unnið öflugt rannsóknarstarf við deildina í fjölmörgum verkefnum er tengdust sérsviðum hennar. Deildin er augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis og vatnalíffræði og komu fjölmargir innlendir og erlendir fræðimenn að rannsóknarverkefnum við hana. Rannsóknarstarf deildarinnar og rekstur rannsóknaraðstöðu hennar í Verinu á Sauðárkróki er alfarið fjármagnað af sértekjum, sem að miklu leyti koma í gegnum innlenda og erlenda samkeppnissjóði. Því er reksturinn nokkuð brothættur. Á árinu fengust fjölmargir styrkir til rannsókna. Tekjur af þeim voru þó nokkuð lægri en fyrri ár, sem hefur gert rekstur deildarinnar

erfiðari. Deildin hefur markvisst unnið að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu sinnar og hefur fengist til þess styrkur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, auk þess fékst á árinu myndarlegur styrkur frá Innviðasjóði Rannís, er þetta annað árið í röð sem slíkur styrkur fæst. Í ár var styrkurinn veittur til þess að efla rannsóknir deildarinnar hvað varðar atferlisfræði fiska.

Afrakstur rannsókna deildarinnar hefur verið kynntur í ræðu og riti. Á árinu voru birtar 14 greinar í ISI tímaritum. Auk þess héldu starfsfólk og nemendur deildarinnar 30 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum í boði háskóladeilda, auk þess að sýna 8 veggspjöld.



Undirritun samstarfssamnings Háskólans á Hólum, Háskólans á Akureyri og Háskólans í Nýja Englandi lokið á Arctic Circle

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Nú eru milli 70 og 90% af allri bleikju sem framleidd er á Íslandi frá Hólum. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Starfsmenn Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sitja í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sem lúta að faglegum málefnum. Skúli Skúlason er í nefnd um erfðabreyttar lífverur, þar sem að Stefán Óli Steingrímsson er varamaður. Skúli var á árinu formaður nefndar um ráðningu rektors við Landbúnaðarháskóla Íslands, situr sem fulltrúi Háskólans á Hólum í ráðgjafanefnd gæðaráðs háskólanna, þar sem Bjarni K. Kristjánsson er varamaður, og í nefnd gæðaráðs um þróun gæðastarfs í rannsóknum. Auk þess situr Skúli sem fulltrúi háskólanna í ráðgjafanefnd landsáætlunar um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd Environmental Biology of Fishes og Helgi Thorarensen í ritnefnd Aquaculture, auk þess að sitja í stjórn Nordic RAS sem heldur reglulega ráðstefnur um endurnýtingakerfi í fiskeldi.

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stunduðu 60 nemendur nám við Hestafræðideildina á árinu. Brautskráðust 17 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu og fimm með diplómugráður.

Tuttugu og fjórir nemendur voru teknir inn haustið 2018 og hófu þriggja ára BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Háskólinn getur einungis tekið inn tæpan helming þeirra umsækjenda sem óska eftir að komast í námið, þó stór hluti þeirra standist inntökupróf. Undirbúningur á þróun MS náms var framhaldið á árinu og ákveðið að það verði tvískipt. Annarsvegar nám þar sem rannsóknaverkefnið er 60-90 ECTS og hinsvegar starfstengt meistaranám þar sem rannsóknaverkefnið er 30 ECTS en 90 ECTS teknar í námskeiðum sem og með starfstengdu námi s.s. vísindalegri þjálfun hrossa og æfingakennslu. Framhaldsnáminu er ætlað að mæta þörf á framhaldsmenntun einstaklinga sem hafa brautskráðst með BS gráðu í reiðmennsku og þeirra sem áhuga hafa á rannsóknanámi í hestafræðum. Einnig má ætla að meistaranámið muni styðja við þá ætlun að efla rannsóknavirkni við deildina.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku, í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins. Einnig var hin árlega kennsluvika sérlega vel heppnuð, þegar nemendur úr grunnskólum í Skagafirði koma í eina viku að Hólum, þar sem nemendur á 1. ári í Hestafræðideild kenna þeim hestamennsku.

Einn starfsmaður skólabús hætti störfum, Guðmundur Kristinn Guðmundsson en í hans stað var ráðinn Trausti Þór Freysteinnsson. Deildin byggði starf sitt að töluverðu leyti á stundakennurum og fylgdi því nokkurt óöryggi sem áhrif hafði á skipulag, þróun náms og rannsóknir.

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabíl en er á niðurleið, einungis fæddust 6 folöld á Hólum 2018 sem er alltof fátt ef endurnýjun skólahesta á að geta átt sér stað.

Frábær árangur náðist með kynbótahross skólans á árinu í sýningum og voru 8 hryssur sýndar sem er metár. Meðaleinkun þeirra 8,11 og ein hryssa fékk þá fágætu einkun 8,78 fyrir byggingu. Tvær hryssur unnu sér rétt til að mæta á Landsmót hestamanna í Reykjavík og voru hrossarækt Háskólans á Hólum til sóma. Önnur þeirra, Sýn frá Hólum, var sýnd í 4. vetra flokki og var þriðja í sínum aldurflokki. Hin hryssan, Vörn frá Hólum stóð sig einnig afar vel og var í

6. sæti í flokki 6. vetra hryssna með 8,47 í aðaleinkun. Þessum hryssum er síðan ætlað að eiga afkvæmi sem nýtast til rannsókna og kennslu við deildina. Reiðkennarar kynntu nokkur af hrossum skólans í keppni á árinu og gekk vel. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og ekki var hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta og sýnt að svo verði áfram sé ekkert að gert. Einnig hefur nú skortur á reiðhallaplássi takmarkandi áhrif á þróun skólans og skipulag kennslu.



Frá lokasýningu reiðmennsku- og reiðkennslunema

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Birtingar voru að þessu sinni á formi útdráttar og veggspjalda á alþjóðlegum ráðstefnum. Fyrirlestrar voru einnig haldnir á innlendum og erlendum ráðstefnum, fundum og námsskeiðum. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu jafnframt svip á skólastarfið á haustönn.

Önnur verkefni

Tvær kynbótasýningar á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins voru haldnar að Hólum á árinu. Einnig hafa tengsl skólans við hestamenn í héraði aukist þar sem hestamannafélagið Skagfirðingur hefur komið með hluta af sínum félagsmótum heim að Hólum og er þar vormótið sem tengt er reiðsýningu 3. árs nema við skólann orðið fastur liður. Þarna leiða saman hesta sína útskriftarnemar Háskólans á Hólum og áhuga- sem og fagmenn í héraði.

Alþjóðleg ráðstefna um menntun í reiðmennsku og reiðkennslu var haldin á Hólum í mars. Ráðstefnan var samstarf Háskólans á Hólum og alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF. Titill ráðstefnunnar var: Teaching to teach, a systematic approach to education of riding teachers, trainers and instructors. Þrír erlendir gestafyrirlesara og einn íslenskur komu að kennslunni. Jafnframt tóku kennarar og nemendur háskólans virkan þátt í ráðstefnunni með fyrirlestrum og sýnikennslum. Alls sóttu um 100 manns ráðstefnuna, þarf af helmingur erlendis frá, og tókst hún frábærlega.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum, en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Eftir að bækur 1-3 voru þýddar á ensku hefur aukist erlend þáttaka í notkun bókana. Knapamerkjabækur fjögur og fimm voru endurskrifaðar á árinu og er ætlað að þær verði prentaðar í árslok 2019 á íslensku og þýddar og gefnar út á ensku 2020. Vonir eru bundnar við að notkun knapamerkjakerfisins aukist enn frekar með þýðingum á bókum 4-5 sem verða þá einnig nýttar til menntunar hestamanna um allan heim.

Mikið var um heimsóknir innlendra og erlendra hestamannahópa til deildarinnar á árinu og var þeim sýnd aðstaðan og starfsemin kynnt. Starfsmenn deildarinnar tóku einnig þátt í verkefnum innan Erasmus samstarfsins. Einnig kom afrekshópur LH sem í eru 16 ungmenni sem náð hafa athygliverðum árangri í hestaípróttum á árinu og hafa valist í þennan úrvalshóp, heim að Hólum. Þessi hópur hefur komið að Hólum undanfarin fjögur ár og ásamt þjálfurum dvalið við æfingar eina helgi. Hafa ungmennin einnig notið kennslu frá kennurum í Hestafræðideild, aðallega reiðkennurum. Starfsmenn deildarinnar sóttu ýmis námskeið á árinu til endur- og símenntunnar.

Deildarstjóri sat í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) móttaka gesta yfir sumarmánuðina, og b) undirbúningur fyrir fræðslu og sýningar tengdar menningu hestamanna.

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Hlutverk kennslusviðs er að halda nemendaskrá, kennsluskrá og miðlun náms- og kennslutengdra upplýsinga til nemenda og kennara. Sviðsstjóri kennslusviðs er jafnframt sviðsstjóri framhaldsnámssviðs. Starfsmönnum sviðanna til fulltingis eru sérstakar nefndir, hvor á sínu sviði, kennslunefnd og framhaldsnámsnefnd, og bera þær meðal annars ábyrgð á gæðastjórnun námsins og koma enn fremur að inntöku nýrra nemenda. Um svið þessi og nefndir er fjallað í greinum 8. og 9 í starfsreglum Háskólans á Hólum.

Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,30 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði. Auk verkefnastjóra (sviðsstjóra) í fullu starfi er námsráðgjafi í 20% stöðu (starfar annars hjá LbhÍ og HÍ) og alþjóðafulltrúi í 10% stöðu (sami einstaklingur sinnti stöðu alþjóðafulltrúa hjá LbhÍ fyrri hluta ársins). Sjá nánar um námsráðgjöf hér neðar.

Við Háskólann á Hólum er boðið upp á átta námsleiðir í grunnnámi. Allt nám í Hestafræðideild er staðnám, en grunnnámsleiðir í öðrum deildum eru einvörðungu í boði sem blandað nám, þ.e. fjarnám með staðbundnum lotum.



Brautskráning að vori.

Vorið 2018 bárust alls 150 umsóknir um grunnnám, þar af 73 í Ferðamáladeild, 58 í Hestafræðideild og 19 í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Brautskráningar úr grunnnámi voru 61.

Tveir erlendir skiptinemar stunduðu nám við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild á haustönn 2018 en enginn Hólanemi var skiptinemi erlendis að þessu sinni. (Sjá einnig síðar, um erlenda rannsóknaverknema). Nokkuð var um gestanám milli opinberu háskólanna, en þó heldur minna en undafarin ár. Yfirlit um brautskráningar og innritaða nemendur er að finna í töflu 1. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 15. október 2018 og nær yfir þá sem eru innritaðir til náms á háskólaárinu 2018 – 2019. Tölur um brautskráningar miðast við allt árið 2018.

Alls lögðu 10 einstaklingar stund á meistaranám við Háskólann á Hólum á almanaksárinu 2018. Einn brautskráðist með MA í ferðamálafræði í júní, og annar lauk meistaraþrófsvörn í sjávar- og vatnalíffræði á haustdögum og mun útskrifast í júní 2019. Í árslok eru 13 nemendur innritaðir í meistaranám við skólann.

Tafla 1. Nemendafjöldi í grunnnámi 15. október 2018. (Nemar á tveimur námsleiðum samtímis ekki tvítaldir.)

Námsleið	Alls innritaðir	þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðastjórnun	30	17	15
Diplóma í ferðamálafræði	8	6	2
BA í ferðamálafræði	42	15	17
BA í stjórnun ferðaþj. og mótt. gesta	18	5	
Diplóma í fiskeldisfræði	13	12	5
Diplóma - leiðbeinendapróf			3
Diplóma í tamningum			1
Diplóma í reiðmennsku og þjálfun			1
BS í reiðmennsku og reiðkennslu	60	24	17
Alls	171	79	61

Auk þess er nokkrum doktorsnemum leiðbeint af sérfræðingum Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Deildin tók enn fremur á móti níu erlendum rannsóknarverknemum á árinu. Reglulegir fundir kennslunefndar eru boðaðir einu sinni mánuði frá ágúst og fram í maí. Einstök mál eru þó gjarna afgreidd með tölvupósti eða aukafundum, einkum með það að markmiði að flýta afgreiðslu þeirra. Formlegir fundir eru því afboðaðir ef engin mál liggja fyrir. Nefndin kemur auk þess að inntökuprófum umsækjenda sem óska eftir undanþágu frá stúdentsprófi, og að afgreiðslu umsókna um mat á fyrra námi.

Framhaldsnámsnefnd hélt einungis einn formlegan fund á árinu. Umsóknir um meistaranám voru afgreiddar með tölvupóstsamskiptum, og voru alls sex umsóknir afgreiddar með þeim hætti.

Merkja má síaukna sókn nemenda í þjónustu námsráðgjafa, og má segja að núverandi fyrirkomulag hafi fest sig í sessi. Á vorönn 2018 átti námsráðgjafi 32 bókuð viðtöl við nemendur, en á haustönn voru þau 72. Enn fremur var 41 erindi sinnt með rafrænum hætti á vorönninni, en 91 á haustönn.



Horft heim að Hólum úr suðri

Rannsóknasvið

Starfsemi

Hlutverk Rannsóknasviðs er að hafa yfirumsjón með samræmingu rannsókna skólans, og veita aðstoð við gerð umsókna og stýringu rannsóknaverkefna. Sviðstjóri er prófessor Skúli Skúlason og með honum starfar rannsóknarnefnd sem í eru fulltrúar allra deilda, fyrir Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Ólafur Sigurgeirsson lektor, fyrir Ferðamáldeild Laufey Haraldsdóttir lektor og deildarsjóri (tók við um vor af Amy Savaner), og fyrir Hestafræðideild Víkingur Gunnarsson lektor. Rannsóknarnefnd fundar reglulega og fundargerðir og önnur gögn eru vistaðar á svæði Rannsóknasviðs á UGLU.

Rannsóknarnefnd ræddi og fylgdi eftir gerð rannsóknastefnu Ferðamáladeildar og Hestafræðideildar. Ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskólanna (Icelandic Quality Council for Higher Education, <https://en.rannis.is/activities/quality-enhancement-framework/>), sem í sitja fulltrúar allra háskólanna (sviðstjóri Rannsóknasviðs er fulltrúi Háskólans á Hólum), hélt fund sinn á Hólum 17.-18. apríl, og voru rannsóknir háskóla og gæðamat þeirra til umræðu. Fulltrúar Háskólans á Hólum kynntu rannsóknastefnu skólans og deilda fyrir Ráðgjafanefndinni, en mikilvægi rannsóknastefnu hefur verið mikið í deiglu hjá háskólunum í tengslum við seinni hring Gæðaráðs háskólanna (Quality Enhancement Framework 2; QEF2). Einnig hélt Bjarni Kristófer Kristjánsson prófessor og deildastjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar fyrirlestur með titlinum *Iðnvæðing háskóla*. Mikil og gagnleg umræða var um bæði rannsóknastefnur skólans og fyrirlesturinn. Annað umræðuefni fundarins, sem einnig var til umfjöllunar hjá rannsóknarnefnd Háskólans á Hólum á árinu, var mat á gæðum umgjarðar (management) rannsókna, en Ráðgjafanefndin hefur tvo fulltrúa (Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur frá Listaháskóla Íslands og Skúla Skúlason frá Háskólanum á Hólum) í nefnd á vegum Gæðaráðs háskólanna - Research Evaluation Advisory Committee (REAC) - sem fjallar mikið um þetta. Ráðgjafanefnd Gæðaráðs hefur þróast sem mikilvægur samráðsvettvangur íslensku háskólanna.

Gæðaráð háskólanna stóð fyrir ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík 15. maí um tengsl rannsókna og grunnnáms á bakkalárstigi. Ingibjörg Smáradóttir B.A. nemi í ferðamálafræði og Anna Vilborg Einarsdóttir lektor í ferðamáladeild voru með innlegg í dagskránni og sögðu frá lokaverkefnum í B.A. námi, sem dæmi um slík tengsl.

Rannsóknasvið stóð fyrir rannsóknadegi Háskólans á Hólum 31. maí og var hann vel sóttur. Þar voru kynnt helstu verkefni sviðsins og rannsóknanefndar; en aðalefnið var kynning hvernar fagdeildar skólans á rannsóknastefnu sinni, sem fylgt var eftir með kynningu á völdum rannsóknum hvernar deildar (sjá samantekt á Ugðusvæði Rannsóknasviðs).

Háskólinn á Hólum tók þátt í Vísindavöku Rannís sem haldin var 28. september. Sérstök áhersla var lögð á kynningu rannsókna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar, með áherslu á lifandi framsetningu. Þáttaka í Vísindavöku var mjög góð og mjög margir heimsóttu bás Háskólans á Hólum.

Á árinu voru sértekjur skólans tengdar þekkingarstarfsemi 88,6 m.kr., þar af voru 59,6 m.kr. frá samkeppnisjóðum – aðallega Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og AVS (Aukið verðmæti sjávarfangs) rannsóknasjóði í sjávarútvegi.



Vísindavaka Rannís í Laugardalshöll

Rannsóknavirkni

